

M I N N I S B L A Ð

til:	Pingmannna á Alþingi	málshraði:	Áríðandi
frá:	SÍK - Sambandi íslenskra kvikmyndaframleiðenda		
efni:	Niðurskurður á Kvikmyndasjóði		

Afgreiðslutillaga: **Hækka framlög og auka tekjur ríkissjóðs 2014**

Ágæti alþingismaður,

Í þessu minnisblaði eru talin upp helstu efnahagslegu áhrifin af því að skera niður kvikmyndasjóð. Við vonum að þið kynnið ykkur þessar tölur og tekjusköpunina sem verður af litlu framlagi í kvikmyndasjóð, margfeldisáhrifum greinarinnar og hvernig hún skilar ríkissjóði töluvert meiri tekjum en framlaginu nemur. Það framlag er hinsvegar aðgöngumiðinn að þeirri veltuaukningu.


Lækkun Kvikmyndasjóðs um 445 m króna þýðir:

Fækkun ársverka

200
mínus

Framlag Kvikmyndasjóðs nemur 12,86% af framleiðslukostnaði 112 kvikmyndaverka skv. skýrslunni „Hverjir fjármagna íslensk kvikmyndaverk“. 445 m króna fjárfesting hins opinbera þýðir því brúttó framleiðsluveltu upp á 3.463 m króna. Að frádrögnum hlutfalli erlendra meðframleiðenda þýðir þetta innanlandsveltu upp á 2.393 m króna. Hlutfall launakostnaðar í greininni er 72,75% skv. sömu könnun sem svara til launakostnaðar upp á 1.340 m króna. Að frádrögnum 30% launatengdum kostnaði og meðallaun upp á 550.000 kr á mánuði, svarar þessi upphæð 202 ársverkum.

- **Tekjutap myndast strax¹**
- **Framlag Kvikmyndasjóðs er aðgöngumiði² að erlendu fjármagni**
- **Kvikmyndagreinin fimmfaldar opinbert³ fjármagn í meðförum framleiðenda**
- **Margfeldisáhrif starfa í kvikmyndagreininni er 2,94⁴**



Árið 2006 var gert samkomulag við þáverandi ríkisstjórn þar sem niðurstaðan var að Kvikmyndasjóður þyrfti að vera að lágmarki 700 m kr. Það samsvarar um 1.160 m kr. í dag

Tekjusamdrátt ríkissjóðs

614
mínus m kr.

Af launakostnaði upp á 1.740 m króna nemur tryggingagjald (7,69%) 134 m kr., tekjuskattur 382 m kr. (21,9% meðaltals skatthlutfall) eða samtals 515 m króna. Af veltu að frádrögnum launakostnaði, samtals 652 m króna, er virðisaukaskattur varlega metin um 98 m króna (15% hlutfall). Samtals nema þessir þrjú liðir 614 m króna. Ekki er tekið tillit til áhrifa á aðra þætti kvikmyndagreininnar eins og dreifingu, sýningar, leigur og önnur starfsemi, frekar en óbeinni og afleiddri starfsemi. Sé tekið tillit til hlutfalla þeirra skv. „Hagræn áhrif í kvikmyndagerð“ hækkar tala virðisaukaskatts umtalsvert, auk áhrifa á tekjuskatt og tryggingagjald til hækkunar.

Erlendar tekjur

480
mínus m kr.

Byggt á hlutfalli erlendra sjóða og fjárfestinga í fjármögnun á íslenskum kvikmyndaverkum skv. skýrslunni „Hverjir fjármagna íslensk kvikmyndaverk“. Erlendir sjóðir og fjárfesting námu um 14% af fjármögnun 112 íslenskra kvikmyndaverka á árunum 2006-2009. Þess utan var fjármögnun erlendra meðframleiðenda um 31% af framleiðslukostnaði verkanna, eða um 1.070 m króna.

... og svo er alveg eftir að ræða menningarlegt gildi íslenskra kvikmyndaverka á íslensku fyrir Íslendinga!

1) 2) Hverjir fjármagna íslensk kvikmyndaverk, Ólafur Arnarson o.fl. 2010. 3) Hagræn áhrif kvikmyndalistar, Dr. Águst Einarsson, Bifröst 2011
4) Hagfræðistofnun Háskóla Íslands 2006